

78 **STAÐFESTING KONUNGS** á viðaukaskipulagsskrá fyrir Gjöf
8. nóvbr. Ólafs stiptamtmanns Stephánssonar frá 30. sept. 1797, til fátækra í
Vindhælishreppi, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms-
og kirkjumálaráðherra 8. nóvember 1927. Skipulagsskráin er þannig:

VIÐAUKASKIPULAGSSKRÁ

fyrir

**Gjöf Ólafs stiptamtmanns Stephánssonar, frá 30. sept. 1797,
til fátækra í Vindhælishreppi.**

Með því að fram hefir farið 20. júlí 1926, samkvæmt heimild í konungsráðgjafi 1. mars s. á., sala til ábúenda á jörðum þeim, er greinir í gjafabréfi og pro memoria Ólafs stiptamtmanns Stephánssonar, 30. sept. 1797, sbr. Lovsamling for Island, VI. 305—308, er hjermeð samkv. ákvæðum konungsráðgjafarins gerð þessi viðbótarskipun um meðferð og varðveislu gjafarinnar.

1. gr.

Andvirði jarðanna, 50.000 — fimmtíu þúsund — krónur ásamt vöxtum, skal, að frádregnum árlegum úthlutunarstyrk, er síðar greinir, geyma og ávaxta í Söfnunarsjóði Íslands eftir því sem andvirðið greiðist og ávalt síðan.

2. gr.

Um næstu 28 ár, frá 1. júní 1926 að telja, skulu allir vextir af innstæðu í Söfnunarsjóði lagðir við höfuðstólinn, ennfremur á ári hverju árgjald — afborganir og vextir — af söluverði jarðanna, að frádregnum 1200 krónum fyrsta árið og árlegum viðauka kr. 33.33, eða 100 kr. í hver 3 ár, uns jarðarverðin eru að fullu greidd, og kemur þessi upphæð árlega til úthlutunar á fyrnefndu tímabili samkv. því er síðar segir.

3. gr.

Styrk ber að úthluta samkv. gjafabréfi og pro memoria gefandans frá 30. sept. 1797. Enginn styrkþegi má þó vera á sveitarframbæri. Ef ekki eru í hreppnum 3 ekkjur eða menn, sem hafa 3 eða fleiri börn á skylduframbæri, og styrks eru verðug, má með sömu skilyrðum og annars veita styrk ekkju, er 2 börn hefir á framfæri.

4. gr.

78

Sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu skal stjórna gjöfinni og 8. nóvbr. kemur að öllu leyti í stað prófasts og sýslumanns að þessu leyti.

5. gr.

Styrkþegum skal fjölga um einn fyrir hverjar 400 krónur, er telst heill hlutur. Sýslunefnd ákveður, að fengnum tillögum hreppsnefndar Vindhælishrepps, hvort úthluta skuli árlega þeirri upphæð, sem umfram er heila hluti, þegar allri úthlutunarupphæðinni er deilt með 400, eða hvort þessi upphæð skuli geymd á vöxtum þar til fengist hefir heill hlutur. Fjárhæð styrks til hvers njótanda fer annars eftir fyrimælum í pro memoria gefandans, en enginn styrkþegi má þó fá minna á ári en hálfan hlut.

6. gr.

Umsóknir um styrk, stílaðar til sýslunefndar, skulu sendar oddvita hreppsnefndar Vindhælishrepps fyrir 1. desbr. ár hvert. Umsókn fylgi vottorð sóknarprests og annara málsmetandi manna um styrkhæfi umsækjanda svo og vottorð kennara og sóknarprests um fræðslu og hæfileika barna styrksbeiðanda. Hreppsnefnd sendir síðan ásamt umsögn sinni umsóknirnar til oddvita sýslunefndarinnar fyrir árslok.

7. gr.

Hreppsnefnd Vindhælishrepps ræður mann til að innheimta afborganir og vexti jarðarverðanna, koma fjenu á vöxtu og gera reikningsskil til hreppsnefndar, sem annars hefir aðalreikningshald gjafarinnar. Hreppsnefnd setur innheimtumanni reglur um hversu hann skuli haga starfi sínu og ákveður þóknun hans, sem eigi má fara fram úr 2% af tekjum gjafarinnar, sem fara um hendur hans.

8. gr.

Reikningsár gjafarinnar er almanaksárið. Reikningarnir skulu lagðir árlega fyrir sýslunefnd, er endurskoðar þá og úrskurðar, og lætur birta ársreikninginn.

9. gr.

Þegar andvirði jarðanna er að fullu greitt og alt fjeð komið í Söfnunarsjóðinn skal $\frac{1}{4}$ — einn fjórði hluti — vaxtanna lagður árlega við höfuðstólinn en $\frac{3}{4}$ hlutar þeirra koma til úthlutunar. Dómsmálaráðuneytið getur hvenær sem er sett ný ákvæði um meðferð og varðveislu gjafarinnar.